

Það virðist því eiga að sýkna ákærðan af kærnum vald-
stjórnarinnar í máli þessu, og að málskostnaður skuli greiddur af
almannafje.

Á máli þess: hefir enginn ónaúdsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 11. mars 1927.

Nr. 52/1926 **Húsnefnd Goodtemplarahússins**
(Pjetur Magnússon)
gegn
forsetum Alþingis f. h. eigenda
og umráðenda Alþingishússins,
og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Um rjettindi gagnáfrýjanda yfir lóð aðaláfrýjanda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 7. nóv. 1925:
Varnaradili, forsetar alþingis f. h. eigenda og umráðenda alþingis-
hússins, á að vera sýkn af kröfum sóknaradilja, hússnefndar Good-
templarahússins, f. h. eigenda og umráðenda þess.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hafa báðir aðiljar skotið til hæsta-
rjettar, áfrýjandi með stefnu útgefinni 14. júní f. á.,
að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 21. maí s. á. og stefndi
með stefnu útgefinni 30. júní f. á., að fengnu áfrýj-
unarleyfi dags. 29. s. m.

Þótt forsetar Alþingis ljetu árið 1893 ákveða
merki á óbygðri lóð Alþingishússins og fengju þá
samtímis lóð hússins bæði lagaða og aukna, og ljetu
síðan girða hana með traustum grjótgarði, þá þykir
þetta ekki fela í sjer nægilega heimild til þess að
lita svo á, að forsetarnir hafi með þessu fallið frá
hinum víðtæka rjetti yfir Goodtemplarahússlóðinni,

er landstjórninni var áskilinn með útmælingargjörðum þeim, er fóru fram fyrir 5. mars 1892 og aðaláfrýjanda var kunnugt um.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjanda dóms ber að staðfesta hann.

Að svo vöxnu máli þykir rjett að málskostnaður i hæstarjetti falli niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi, húsnefnd Goodtemplarahússins, á óátalið af gagnáfrýjanda lóð þá, er aðaláfrýjanda var útmæld 5. mars 1892. Að öðru levti á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda.

Málskostnaður i báðum rjettum fellur niður.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

29. jan. 1887 mældi byggingarnefnd Reykjavíkur stúkunninn „Einingunni“ út lóð undir 28 álna langt og 12 álna breitt hús með 6 álna útbyggingu við gafl, og skyldi húsið standa 20 álnir vestur frá slökkvitólahúsinu og i beinni línu við það. En jafnframt var tilskilið, að „Einingin“ eða sjerhver seinni eigandi hússins væri skyldur til, ef landssjóður þyrfti á hinni útmældu lóð að halda og krefðist hennar, að flytja það burtu á sinn kostnað á aðra lóð, er þá skyldi útvísað á einhverjum stað, er sem kostnaðarminst væri að flytja á.

Varð ekkert úr því, að „Einingin“ reisti hús það, er henni var mæld lóð undir 29. jan. 1887. Aftur á móti beiddist hún útmælingar á lóð *sunnanvert* við slökkvitólahúsið, og var henni 10. febr. 1887 mæld út lóð þar undir hús, með sömu stærðarhlutföllum að öllu sem hið fyrra sinnið „i tjörninni fyrir sunnan slökkvitólahúsið“, og skyldi bilið vera 16½ alin frá því, húsið snúa frá austri til vesture, og austurgafl þess vera i beinni stefnu

við austurgafli slökkvitólahússins. Eigi er þess getið, í þessari mælingargjörð, að landssjóði hafi verið áskilinn nokkur rjettur til þess að krefjast lóðarinnar og flutnings á húsinu af henni, eins og gert hafði verið 29. jan. 1887. Ekki er með öllu glögt, hvar mörkin milli lóðar Alþingishússins og Goodtemplarahússins fyrirhugaða skyldi vera, en aðiljar virðast vera sammála um það, að þau muni hafa verið þar sem nú er girðingin um lóð Alþingishússins að sunnanverðu. 21. maí 1887, gekk byggingarnefndin aftur á byggingarstæði það, er í útmælingargjörðinni 10. febr. s. á. segir, og var þá svo tilskilið, að hún (þ. e. mælingin 21. maí) væri gerð „með sama skilyrði eins og hin fyrri útmæling undir húsið að lóðin skyldi af hendi látin endurgjaldslaust, ef hið opinbera þyrfti hennar við“.

18. júlí 1891 fá stúkurnar „Einingin“ og „Verðandi“ útmælda lóð undir viðbót við Goodtemplarahúsið eða lenging á því við tjörnina um 12 álnir vestur eftir. Þar var þá staddur umboðsmaður Alþingis og lýsir hann yfir því, að hann sje því að vísu samþykkur, að stúkurnar fái viðbótina, en að hann „gæti ekki fallið frá eða breytt skilyrði því, er hefði verið sett við hina upphaflegu lóðarútvísun handa Goodtemplarahúsinu, að það yrði flutt burtu þaðan sem það nú stendur, ef landsstjórnin krefðist þess þinghússins vegna“. Og samkvæmt þessu var hin umbodna útmæling veitt.

Enn var goodtemplarastúkunum útvísuð lóð 5. mars 1892 til viðbótar *sunnan* við Goodtemplarahúsið, en eigi var þá sleginn neinn varnagli um rjett hins opinbera til þeirrar lóðar.

Á Alþingi 1893 var ákveðið að girða lóð Alþingishússins, en með því að forsetum voru ekki fullkunnug ummerki hennar, þá biðja þeir bæjarfógeta eða byggingarnefnd 26. júlí 1893 um upplýsingar eða skilríki, um það, „hvar óbygð lóð Alþingishússins er og með hverjum ummerkjum“. Og var þá lóð Alþingishússins ákveðin 5. ág. 1893 og segir í mælingargjörðinni að suðurhlið lóðarinnar liggi „fast að lóð Goodtemplarahússins austur á móts við vesturgafli slökkvitólahússins“. Og 7. des. 1893 ákveður bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt tilmælum fulltrúa Alþingis að breyta svo slökkvitólahúsinu, að lóð Alþingishússins yrði aukin svo og rjett að garðurinn yrði rjetthyrndur ferhyrningur með 45 álna hliðum að sunnan og norðan og 54 álna hliðum að austan og vestan. Og er þá eigi minst á áðurnefndan skildaga um burtflutning Goodtemplarahússins af lóð þess. Síðan var sett girðing milli lóðar Alþingishússins og lóðar Goodtemplarahússins. Og líða

nú svo 30 ár, að ekki sjest, að orðið hafi ágreiningnr um rjett stúknanna yfir lóð Goodtemplarahússins.

12. ágúst 1923 skýrir hússnefnd Goodtemplarahússins forsetum Alþingis frá því, að í ráði væri að reisa hús eða skúr frá Goodtemplarahúsinu yfir á þinghúsgarðinn og leitaði leyfis þeirra til að leggja einn vegg hússins fyrirhugaða ofan á suðurhlíð Alþingishússgarðsins. 13. maí 1924 svara forsetar þessari mála-leitun svo, að þeir neita um að veita leyfi til að nota garðinn og segjaft jafnframt ekki munu leyfa nokkra viðbótarbyggingu við Goodtemplarahúsið og skírskota í því efni til áðurnefndra fundar-gjörða byggingarnefndar Reykjavíkur frá 29. jan. 1887, 10. febr. 1887, 21. maí 1887 og 18. júlí 1891. — 19. ág. 1924 veitti bæjar-stjórn leyfi til umræddrar byggingar en bindur þó leyfið því skilyrði, að rjettur sá, er landsstjórnin kann að hafa til lóðar-innar, sje að engu skertur. Í brjefi 30. ág. 1924 mótmælir svo sóknaraðili því, að forsetar Alþingis hafi íhlutunnarrjett um notkun Goodtemplarahússlóðarinnar eða fyrirhugaða viðbyggingu á henni. Ljet sóknaraðili svo byrja á grefti undir húsbygginguna rjett við suðurhlíð þinghússgarðsins. Þá fóru forsetar Alþingis fram á það við atvinnumálaráðherra í brjefi 12. sept. 1924, að hann ónýtti byggingarleyfið samkvæmt 4. gr. laga nr. 17, 13. sept. 1901, og verður ráðherra við beiðni þeirra með úrskurði sínum 13. sept. 1924.

Hússnefnd Goodtemplarahússins hjelt verkinu áfram þrátt fyrir ráðherra-úrskurðinn 13. sept. f. á. sem var henni tilkyntur, og kröfðust þá forsetarnir þess 22. sept. 1924, að lögbann yrði lagt við verkinu. Lyktaði því máli svo með samkomulagi fyrir fógatarjetti Reykjavíkur 23. sept. f. á. að sóknaraðili hætti verk-inu, þar til málið yrði útkljáð með fullnaðardómi. Síðan höfðað hússnefndin mál þetta fyrir gestarjetti Reykjavíkur samkvæm: samkomulagi aðilja með stefnu 17. febr. þ. á. gegn forsetum Alþingis, er einnig höfðu heimild dómsmálaráðherra til að taka við málssókn fyrir ríkisins hönd. Hefir sóknaraðili krafist þess, að *allega* að með dómi yrði viðurkendur óskertur fullkominn eignar-rjettur stefnanda að allri lóð þeirri, sem honum hefir verið út-mæld milli Vonarstrætis og suðurhlíðar girðingarinnar um Al-þingishússgarðinn, án takmarkana frá hlið varnaraðilja þessa máls, en *til vara*, að ákveðið verði með dómi, hver sje rjettur stefn-anda yfir umræddri lóð. Auk þess krefst sóknaraðili máls-kostnaðar.

Varnaraðili, forsetar Alþingis, mótmæla aðalkröfu sóknar-

aðilja, en þeir krefjast þess, að varakrafan verði tekin þannig til greina, að ákveðið verði, að eigendur Goodtemplarahússins hafi aðeins rjett til að láta húsið standa á lóðinni, svo lengi sem þess verði ekki krafist af varnaraðilja að það verði flutt burt, og að jafnframt verði tekið fram, að sóknaraðili sje skyldur að flytja húsið fyrirvaralaust á eigin kostnað, og loks að varnaraðili hafi rjett til að fá alla lóðina útmælda endurgjaldslaust.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það eitt, hvort varnaraðili hafi rjett til að heimta Goodtemplarahúsið flutt af lóð þeirri, er til þess hefir verið útmæld, þegar hann vill eða ekki. Ágreiningsefnið er því, það, hvort sóknaraðili hafi öðlast skilorðslausan eða ótímabundinn eignarrjett að lóð húsins, eða ekki. Aðilja skilur hvorki á um lóðatakörk nje kvaðir á lóð sóknaraðilja. Og verður því að telja mál þetta höfðað rjettilega fyrir gestarjetti Reykjavíkur. Eigi er málið heldur svo vaxið, að nauðsyn sje til skoðunar á staðnum, enda hefir verið lagður fram fullnægjandi og óvgefengdur uppdráttur af lóðum þeim, er málið varðar.

Eins og fyrr segir, var elsta lóðarútmælingin, sú frá 29. jan. 1887, undir Goodtemplarahúsið gerð með þeim fyrirvara, að „Einingin“ eða hver síðari eigandi hússins „væri skyldur til, ef landssjóður þyrfti á hinni útmældu lóð að halda og krefðist hennar, að flytja það burt á sinn kostnað“. „Einingin“ fjell að vísu frá því að nota þessa lóð og beiddist í staðinn lóðar þeirrar, er henni var útvisuð 10. febr. 1887 „í tjörninni fyrir sunnan slökkvitólahúsið“, og sjeest ekki, að þá hafi verið gerður fyrirvari um rjett landssjóðs, eins og 29. jan. 1887. En 21. maí 1887, er lega hússins var ákvörðuð á lóðinni, sem útmæld var 10. febr. s. á., segir að útmælingin sje gerð með sama skilyrði sem útmælingin fyrri, og hlýtur með því að vera átt við útmælinguna 29. jan. 1887 og þann fyrirvara, sem í henni var gerður. Það verður ekki sjeð, að forráðamenn stúkunnar hafi þá eða síðar haft nokkrar athugasemdir að gera við þennan skildaga byggingarnefndar Reykjavíkur, og verður því að líta svo á, að stúkan hafi þá öðlast einungis tímabundinn eða skildagadað eignarrjett að lóð þeirri, sem byggingarnefndargjörðin 21. maí 1887 tekur til, en það var lóðin, sem útmæld var 10. febr. 1887 (þ. e. lóðin undir húsinu, 28×12 ferálnir + 6 álnir undir útbyggingu við gafi, og auk þess svo breið lóð norðanvert við húsið, að 16½, alin væri frá henni að slökkvitólahúsinu, og sunnanvert við húsið, milli þess og tjarnarinnar var um 5 álna breið lóðarræma, sem sóknar-

aðili virðist hafa fengið sama rjett yfir). 18. júlí 1891 er aukið við lóðina 12 álnum til vesturs, og lýsir fulltrúi Alþingis þá yfir, að hann gæti ekki fallið frá áðurnefndum skildaga um burtflutning Goodtemplarahússins af lóðinni „ef landsstjórnin krefðist þess þinghússins vegna“. Og með því að útmælingin var veitt „samkvæmt þessu“ þá verður að skilja svo útmælinguna 18. júlí 1891, að landsstjórninni hafi verið áskilinn rjettur til að heimta sjer vegna þinghússins *alla* þá lóð er þá og til þess tíma hafði verið útmæld til Goodtemplarahússins. Það hafa engar mótbáruur fram komið gegn þessum skildaga, svo sjeð verði, fyrr en 1923, er sóknaraðili hugðist að byggja við Goodtemplarahúsið.

5. mars 1892 var enn bætt 24 álna breiðri lóð við lóð Goodtemplarahússins milli hennar og Vonarstrætis, en 54 álnir var spilda þessi frá austri til vesturs, eins og lóð Goodtemplarahússins og Alþingishússins. Það verður ekki sjeð, að nokkur fyrirvari hafi nokkurn tíma verið gerður um rjett landsstjórnarinnar til þessarar lóðarræmu, og verður því að telja eignarrjett sóknaraðilja að henni skilorðslausan, nema að því leyti sem taka þyrfti hluta af henni undir götu.

Samkvæmt framansögðu verður þá að líta svo á, að stúkururnar „Einingin“ og „Verðandi“ hafi öðlast einungis tímabundinn og skildagaðan eignarrjett yfir allri lóðinni fyrir norðan Goodtemplarahúsið og að Alþingihússgarðinum, allri lóðinni undir Goodtemplarahúsinu og 5 álna breiðri ræmu fyrir sunnan það, þannig að þeim hafi verið skylt að flytja burt húsið á sinn kostnað og láta lóðina af hendi endurgjaldslausu frá landsstjórninni, þegar hún þyrfti á lóðinni að halda og krefðist hennar. Og er þá næst álitandi, hvort landsstjórnin eða fyrirsvarsmenn hennar hafi nokkuð það gert, er svift hafi ríkið áðurnefndum rjetti til lóðarinnar.

Í þessu efni telur sóknaraðili forráðamenn Alþingis hafa fyrirgert rjetti ríkisins, þótt hann hefði einhver verið, til lóðarinnar, með því að þeir ljētu ákveða mörk hennar og girtu hana 1893. Ókunnugleiki þeirra um lóðamörkin verður þó alls ekki talinn nokkurt merki þess, að þeir hafi þá viljað afsala ríkinu rjett þess, þótt þeir hefðu getað það, til Goodtemplarahússlóðarinnar. Og eigi verður það heldur talið fela í sjer nokkurt þesskonar afsal, þótt forráðamenn Alþingis ljeti girða lóð þessa, án þess að endurnýja fyrirvarana frá eldri tímum.

Þá telur sóknaraðili rjett varnaraðilja yfir lóð Goodtemplarahússins nú fallinn brott. Þótt hann hefði til orðið í öndverðu,

vegna hefðar, með því að sóknaraðili hafi notað lóðina um 30 ár óátalið af varnaraðilja. Eins og fyr segir, þá var stúkunum „Einingunni“ og „Verðandi“ úthlutð lóðin með margnefndum skildaga. Þær hafa gengið að þessum skildaga með því að þær tóku mótmælaust við lóðinni og eru því bundar samningi við skildagann. Þegar af þessari ástæðu hafa þær ekki getað leyst hann af lóðinni með hefð, en auk þess verður ekki sjæð að notkun sóknaraðilja á lóðinni þessi 30 ár hafi á nokkurn hátt útilokað rjett varnaraðilja þann, er honum var áskilinn.

Samkvæmt framanskráðu verður aðalkrafa sóknaraðilja ekki tekin til greina og verður því að sýkna varnaraðilja af henni. Og um varakröfu hans er í raun rjetttri sagt það, er unt er að segja í þessu máli með því að eignarrjetti hans yfir lóð Goodtemplarahússins hefir verið lýst eins og hann þykir vera. Um kröfur varnaraðilja í sambandi við varakröfu sóknaraðilja verður ekki feldur sjálfstæður dómur í þessu máli, með því að hann hefir ekki lagt þær til sátta nje helur gagnstefnt í málinu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. mars 1927.

Nr. 62/1925. **Ingvar Guðjónsson** (L. Fjeldsted)
gegn

O. Malmberg f. h. h/f. Hamar
(L. Jóhannesson).

Skuldamál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 10. júní 1925: Stefndur, Ingvar Guðjónsson, greiði stefnandanum, O. Malmberg f. h. h/f. „Hamar“, kr. 506,80 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1923 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum gestarjettardómsins, er ekki hefir verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.